



Bæjarstjórn Garðabæjar 14. (836)/2018

Boðað er til 14. (836). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 18. október 2018 kl. 17:00 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dagskrá:

1. 1810013F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/10 '18.
2. 1810031F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/10 '18.
 - 1804130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar vegna staðsetningar fjölnota íþróttahúss.
 - 1712067 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna gerð bygginga á byggingarreitum við Breiðholt.
 - 1703099 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsóknar um stækkunar á deiliskipulagsvæðis Garðahverfis við Grænagarð.
 - 1808061 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir smáhýsi við Nýjabæ.
 - 1810110 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Urriðahólts vegna lóðarinnar við Urriðahóltsstræti 6-12.
 - 1804129 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs vegna lýsingar íþróttavallar.
 - 1810093 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skíðasvæði í Bláfjöllum.
3. 1810019F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/10 '18.
4. 1810005F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 10/10 '18.
5. 1810003F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 5/10 '18.
6. 1810034F - Fundargerð ungmennaráðs frá 25/9 '18.
7. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 3/10 '18.
8. 1704086 - Fundargerð 14. eigendafundar Sorpu bs. frá 1/10 '18.
9. 1704087 - Fundargerð 17. eigendafundar Strætó bs. frá 1/10 '18.



10. 1807057 - Útboð heilsuræktaraðstöðu í Ásgarði
11. 1810210 - Tillaga Garðabæjarlistans um eflingu Garðatorgs og vaxtarmöguleika fyrir Hönnunarsafn Íslands.
12. 1810209 - Tillaga Garðabæjarlistans um bætt umferðaröryggi við Flataskóla.
13. 1810221 - Tillaga Garðabæjarlistans um skýra verkferla varðandi styrkveitingar.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
13. (835). fundur 2018

Fimmtudaginn 4. október 2018 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Valborg Ösp Árnadóttir Warén og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 20. september 2018 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1809028F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/9 '18.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 3. tl., og 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi Ása og Grunda á svæði við Ægisgrund og Lyngás og Stórás.

Sara Dögg Svanhildardóttir, 3. tl., og 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi Ása og Grunda á svæði við Ægisgrund og Lyngás og Stórás.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., og 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi Ása og Grunda á svæði við Ægisgrund og Lyngás og Stórás.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 3. tl., og 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi Ása og Grunda á svæði við Ægisgrund og Lyngás og Stórás.

Sigurður Guðmundsson, ræddi að nýju 3. tl., og 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi Ása og Grunda á svæði við Ægisgrund og Lyngás og Stórás.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 3. tl., og 4. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðal- og deiliskipulagi Ása og Grunda á svæði við Ægisgrund og Lyngás og Stórás.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi Ása og Grunda fyrir svæði við Lyngás og Stórás, sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin skal kynnt almenningi, Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á deiliskipulagi Ása og Grunda fyrir svæði við Ægisgrund, sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin skal kynnt almenningi, Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

Bæjarstjórn að samþykkir tillögu skipulagsnefndar um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar samhliða breytingum á deiliskipulagi Ása og Grunda sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin skal kynnt almenningi, Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Kaupþúns vegna uppsetningu á skilti á lóðinni að Kaupþúni 1, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan skal grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga, sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn lóðarhafa að Gilsbúð 9 um aukið byggingarmagn og stækkun byggingareits á lóðinni.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa til kynningar nýjan og uppfærðan uppdrátt deiliskipulags fyrir Molduhraun.

Fundargerðin sem er 27 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1809042F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/10 '18.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 9. tl., tilkynningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi innleiðingu á NPA samningum og fjallaði sérstaklega um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 9. tl., tilkynningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi innleiðingu á NPA samningum og fjallaði sérstaklega um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 9. tl. og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Garðabæjarlistinn hvetur bæjarstjórn til þess að láta taka út ferðaþjónustu fatlaðs fólks með það að leiðarljósi að gera lífsnauðsynlega þjónustu fatlaðs fólks enn betri.“

Fundargerðin sem er 9 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1809032F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 26/9 '18.

Almar Guðmundsson, ræddi 3. tl., framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar og 4. tl., tillögu um félagslegt húsnæði og stefnumótunarvinnu.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 4. tl., tillögu um félagslegt húsnæði og stefnumótunarvinnu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi reglur um lögheimili barna.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi reglur um lögheimili barna.

Almar Guðmundsson, ræddi reglur um lögheimili barna Þá ræddi Almar að nýju 4. tl., tillögu um félagslegt húsnæði og stefnumótunarvinnu.

Gunnar Einarsson, ræddi 4. tl., tillögu um félagslegt húsnæði og stefnumótunarvinnu.

Fundargerðin lögð fram.

4. 1809021F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 18/9 '18.

Björg Fenger, gerði grein fyrir kynningu sem fram fór á fundinum á vegum félagasamtaka á Álftanesi en fundurinn var haldinn í Íþróttamiðstöðinni á Álftanesi. Þá ræddi Björg 6. tl., aðgerðaráætlun gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi og 8. tl., tillögu um hinsegin fræðslu og heilsueflandi samfélag.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 8. tl., tillögu um hinsegin fræðslu og heilsueflandi samfélag og óskaði eftir upplýsingum um stöðu verkefnisins.

Björg Fengler, ræddi 8. tl., tillögu um hinsegin fræðslu og heilsueflandi samfélag og svaraði fyrirspurn.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju tillögu um hinsegin fræðslu og heilsueflandi samfélag.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 8. tl., tillögu um hinsegin fræðslu og heilsueflandi samfélag.

Björg Fengler, ræddi að nýju 8. tl., tillögu um hinsegin fræðslu og heilsueflandi samfélag.

Fundargerðin lögð fram.

5. 1809024F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 21/9 '18.

Valborg Ösp Árnadóttir Warén, ræddi afgreiðslur vegna umsókna um styrki og spurði hvort unnið væri samkvæmt ákveðnum reglum við úthlutun styrkja hjá nefndum bæjarins.

Gunnar Einarsson, ræddi sama mál og svaraði fyrirspurn.

Fundargerðin lögð fram.

6. 1808028F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 17/9 '18.

Fundargerðin lögð fram.

7. 1810002F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 25/9 '18.

Fundargerðin lögð fram.

8. 1801390 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 24/9 '18.

Fundargerðin lögð fram.

9. 1801146 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 21/9 '18.

Björg Fengler, ræddi 3. tl., vetnisverkefnið á vegum Evrópusambandsins, 4. tl., notkun metans fyrir strætisvagna og 7. tl., önnur mál þar sem til rætt var um auglýsingar á strætisvagna.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 4. tl. notkun metans fyrir strætisvagna.

Björg Fengler, ræddi að nýju 4. tl. notkun metans fyrir strætisvagna.

Fundargerðin lögð fram.

10. 1801362 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 21/9 '18.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., framleiðslu metans fyrir strætisvagna

Fundargerðin lögð fram.

11. 1805157 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 21/9 '18.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl. óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði.

Fundargerðin lögð fram.

12. 1809225 - Erindi Sorpu bs. um lántöku vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi.

Gunnar Einarsson, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir erindi Sorpu bs. um að Garðabær veiti einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veitingu umboðs til að undirrita lánssamning og taka að sér skuldbindingar sem fram koma í lánasamningi vegna láns Sorpu bs. sem tekið er hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Lánssamningur liggur frammi á fundinum.

Gunnar lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir hér með á bæjarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Sorpu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 750.000.000,- með lánstíma allt að 15 ár, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu á gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Bæjarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Sorpu bs. til að breyta ekki ákvæði samþykktu SORPU bs. sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Garðabær selji eignarhlut í Sorpu bs til annarra opinberra aðila, skuldbindur Garðabær sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Gunnari Einarssyni, kt. 250555-4079 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.“

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Sorpu bs.

13. 1810028 - Tillaga um eflingu lýðræðislegra vinnubragða í tengslum við afgreiðslu á fjárhagsáætlun 2019.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu er hún flytur ásamt Almari Guðmundssyni.

„Bæjarstjórn Garðabæjar leggur til að í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 verði varið 50 milljónum í verkefni sem verða skilgreind og unnin í samráði við íbúa. Garðabær setji sér vinnureglur um lýðræðisleg vinnubrögð og íbúasamráð undir heitinu „Góður Garðabær“. Þar sé meðal annars tiltekið hvernig byggt verður á hugmyndum íbúa varðandi viðhaldsverkefni og/eða nýframkvæmdir og kosningu íbúa á milli skilgreindra verkefna. Áhersla verði lögð á verkefni sem fela í sér aukið öryggi bæjarbúa,

epli hreyfi- og leikmöguleika eða hafi jákvæð áhrif á nærumhverfi. Markmiðið er að efla með markvissum hætti lýðræðisleg vinnubrögð í sveitarfélaginu og verja fé til framkvæmda sem byggir á forgangsröðun íbúanna sjálfra.“

Greinargerð:

Garðabær var fyrst íslenskra sveitarfélaga til að setja sér lýðræðisstefnu árið 2010. Æ síðan hefur íbúasamráð skipað veigamikinn sess í störfum bæjarins. Má í því sambandi nefna mikla áherslu á opna íbúa-, samráðs- og kynningarfundum um málefni sem eru til umræðu hvað varðar bæjarfélagið í heild eða um það sem snertir einstök hverfi.

Undir heitinu „Góður Garðabær“ mun Garðabær með markvissum hætti skilgreina leiðir til að auka enn frekar íbúasamráð, m.a. með því að íbúar skilgreini sjálfir verkefni og kjósi síðan um hvaða verkefni eiga að hljóta framgang. Þannig verði leitað til bæjarbúa varðandi hugmyndir að nýframkvæmdum og/eða viðhaldsverkefnum með áherslu á öryggi bæjarbúa, hreyfi- og leikmöguleika og aukin lífsgæði í nærumhverfi og hverfum. Einnig verði lögð áhersla á að verkefni epli bæjarbraginn í heild sinni.

Tillagan felur í sér að þegar á næsta ári verði stigið skref í þessa átt með því að verja hæfilegri fjárhæð í málið sem hægt verður að hækka eftir því sem betri reynsla fæst á vinnulag og árangur.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi framlagða tillögu og lýsti yfir stuðningi við tillöguna.

Almar Guðmundsson, ræddi framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi framlagða tillögu og lýsti yfir stuðningi við tillöguna.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi framlagða tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir framlagða tillögu.

14. 1809198 - Erindi Miðflokksins um tilnefningu áheyrnarfulltrúa í nefndir og ráð.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lýsti yfir stuðningi við erindið.

Gunnar Einarsson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu um afgreiðslu málsins.

„Bæjarstjórn hafnar erindinu þar sem skýrt er kveðið á um það í 50. gr. sveitarstjórnalaga að heimild til að tilnefna áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum er bundið við framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn“

Guðfinnur Sigurvinsson, kvaddi sér hljóðs um framkomið erindi.

Sigurður Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs um framkomið erindi.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs um framkomið erindi.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs að nýju og lagði fram bókun:

„Garðabæjarlistinn styður ósk Miðflokksins um seturétt í þeim nefndum sem óskað er eftir í erindi flokksins. Það er fullkomlega í anda þeirra lýðræðislegu vinnubragða sem Garðabæjarlistinn talar fyrir í stefnu sinni. Það er fullkomlega eðlilegt að fulltrúar flokka sem ekki ná inn kjörnum fulltrúa en ná fylgi sem færir þeim fjármagn til að halda uppi starfsemi hafi þann seturétt.“

Guðfinnur Sigurvinsson, kvaddi sér hljóðs að nýju.

Almar Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs um framkomið erindi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu um að hafna erindi Miðflokksins um tilnefningu áheyrnarfulltrúa með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,JS,AG,BF,GE,GS) gegn þremur (SDS,HP,VÖÁW).

15. 1809328 - Tillaga að breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

Gunnar Einarsson, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir tillögu um breytingu á 55. gr. samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að vísa tillögunni til síðari umræðu í bæjarstjórn, sbr. 1. tl., 1. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

16. 1810054 - Tillaga um systkinaafslátt í íþrótt- og tómstundastarfi.

Harpa Þorsteinsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til að það verði gert ráð fyrir fjármagni í verkefnið Systkinaafsláttur í íþrótt- og tómstundastarf við fjárhagsáætlunargerðina og styðja þannig frekar við barnafjölskyldur til þess að mæta kostnaði við að innleiða systkinaafslátt.“

Greinagerð.

Við leggjum áherslu á mikilvægi þess að sú tillaga sem áður hefur verið lögð fram um systkina- eða fjölgreinaafslátt verði tekin áfram til úrvinnslu. Það er mikilvægt að farið verði í þá vinnu að finna flöt á því með hvaða hætti er hægt að styðja við barnafjölskyldur sem og ekki síður að sýna í verki að Garðabær leggur metnað í að fylgja eftir sáttmála um heilsueflandi samfélag á sem flestum sviðum.

Það er ljóst að til að mynda Stjarnan ein og sér getur ekki staðið undir þeim kostnaði sem hlýst af því að veita systkinaafslátt miðað við núverandi rekstrargrundvöll og því mikilvægt að það sé gert ráð fyrir að leitað verði leiða til þess að mæta barnafjölskyldum sem bera mikinn kostnað af íþrótt- og tómstundaiðkun barna sinna.

Með þessum hætti erum við að styrkja börnin í bænum við að iðka íþróttir, létta undir með barnafjölskyldum og vinna í að efna kosningaloforð sem var lagt fram af báðum þeim framboðum sem sitja hér við borðið. Þannig er ríkuleg ástæða að gera ráð fyrir þeim kostnaði sem það kann að hafa í för með sér.

Björg Fenger, ræddi framlagða tillögu.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi að nýju framlagða tillögu.

Gunnar Einarsson, ræddi framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framlagða tillögu.

Gunnar Einarsson, kvaddi sér hljóð og lagði til að vísa framlagðri tillögu til bæjarráðs og til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

Bæjarráð samþykkir samhljóða að vísa framlagðri tillögu til bæjarráðs og til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

17. 1810055 - Tillaga um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og stofnana á vegum bæjarins.

Guðfinnur Sigurvinsson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögur sem hann flytur fyrir hönd allra bæjarfulltrúa.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela umhverfisnefnd og tækni- og umhverfisviði bæjarins að hefja vinnu við undirbúning sem miðar að því að koma í veg fyrir og draga sem mest úr plastmengun í rekstri sveitarfélagsins og stofnana á vegum þess.“

Greinargerð:

Plastmengun hafsins er ein alvarlegasta umhverfisvá samtímans og geta sveitarfélög ekki skorast undan þeirri ábyrgð að stuðla að lausn vandans enda möguleikar nærsamfélagsins til þess miklir. Garðabær vill vera leiðandi sveitarfélag á þessu sviði sem og á öðrum sviðum umhverfisverndar og grænni valkosta í rekstri.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framlagða tillögu.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi framlagða tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi framlagða tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 4. október 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Valborg Ösp Árnadóttir Warén, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
36. (1851). fundur 2018

Þriðjudaginn 9. október 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1806190 - Víkurgata 9 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jónu Ósk Pétursdóttur, kt. 050165-3459 leyfi til að byggja einbýlishús að Víkurgötu 9.

2. 1806472 - Víkurgata 23 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóni Sigurði Halldórssyni, kt. 050269-3619 leyfi til að byggja einbýlishús að Víkurgötu 23.

3. 1810085 - Bréf íbúa við Unnargrund um samstarf við að reisa girðingu við lóðarmörk, dags. 01.10.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra.

4. 1810037 - Tillögur Strætó bs. um úrbætur til að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, dags. 27.09.18.

Lögð fram greinargerð verkefnahóps sem skipaður var starfsmönnum verkfræðistofunnar Mannvits og Strætó bs. til að gera tillögur um úrbætur til að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

5. 1810017 - Bréf Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum, 25. mál., dags. 28.09.18.

Ingvar Arnarsson, lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn undrast afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga gagnvart frumvarpi til breytinga á barnalögum, nr. 76/2003, sem fjallar um að mögulegt verði að börn eigi tvö lögheimili. Garðabæjarlistinn leggur til að Garðabær skili inn álitum sem styður frumvarpið, enda er hér um mikilvægt réttlætismál, þar sem sveitarfélög þurfa að axla ábyrgð með því að breyta greiðslukerfum sínum, sem er smámál miðað við þau réttindi sem nú er verið að brjóta á börnum og foreldrum þeirra.“

Bæjarráð vísar málinu ásamt framlagðri tillögu til umfjöllunar skólanefndar grunnskóla, leikskólanefndar, fjölskylduráðs og íþrótt- og tómstundaráðs.

6. 1810027 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi á kvennakvöldi Stjórnunnar í Urðarbrunni, hátíðarsal Fjölbautaskólans í Garðabæ.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeiðing leyfi verði veitt.

7. **1810026 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi á villibráðakvöldi körfuknattleiksdeildar í Íþróttamiðstöðinni Ásgarði.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
8. **1810056 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tímabundið áfengisleyfi á herrakvöldi Stjórnunnar í Urðarbrunni, hátíðarsal Fjölbrautaskólans í Garðabæ.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
9. **1810062 - Bréf Bjargs íbúðafélags hses., varðandi samstarf um uppbyggingu almennra íbúða, dags. 02.10.18.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara.
10. **1702005 - Bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi búsetu í atvinnuhúsnæði, dags. 27.09.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til tækni- og umhverfisviðs.
11. **1810029 - Styrkumsókn vegna nýbyggingar í Vatnaskógi**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.
12. **1810054 - Tillaga Garðabæjarlistans um systkinaafslátt í íþrótt- og tómstundastarfi.**
Bæjarráð vísar tillögunni til afgreiðslu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.
13. **1810089 - Bréf Kiwanisklúbbsins Hraunborgar um styrk til útgáfu á söngbók, dags. 05.09.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.
14. **1810090 - Bréf MS-félags Íslands um húsnæðisstyrk, dags. 01.09.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.
15. **1810093 - Bréf Skipulagstofnunar með beiðni um umsögn vegna uppbyggingar á skíðasvæði í Bláföllum, dags. 02.10.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
16. **1810081 - Starfsáætlanir sviða 2018**
Lagðar fram starfsáætlanir sviða.
17. **1806461 - Heimsóknir í stofnanir.**
Farið var í heimsóknir í eftirfarandi stofnanir. Urriðaholtsskóla, Flataskóla, Garðaskóla og Íþróttamiðstöðina Ásgarð.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 9. október 2018 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
37. fundur 2018

Þriðjudaginn 16. október 2018 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bærarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bærarritari, Eysteinn Haraldsson, bærarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bærarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1804130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar vegna staðsetningar fjölnota íþróttahúss.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar vegna staðsetningar fjölnota íþróttahúss. Tillagan skal auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.
- 2. 1712067 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis vegna gerð bygginga á byggingarreitum við Breiðholt.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis sem gerir ráð fyrir breytingu á skilmálum bygginga við Breiðholt.
- 3. 1703099 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsóknar um stækkunar á deiliskipulagsvæðis Garðahverfis við Grænagarð.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis sem gerir ráð fyrir stækkun á deiliskipulagssvæði við Grænagarð.
- 4. 1808061 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir smáhýsi við Nýjabæ.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis sem gerir ráð fyrir byggingarreitum fyrir smáhýsi við Nýjabæ.
- 5. 1810087 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn um viðbyggingu við Hvannakur 7.**
Lögð fram.
- 6. 1810110 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Urriðahólts vegna lóðarinnar við Urriðahóltsstræti 6-12.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bærarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga viðskiptastrætis Urriðahólts vegna breytinga á lóðamörkum lóðanna við Urriðahóltsstræti 6-8 og 10-12, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

7. 1804129 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs vegna lýsingar íþróttavallar.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs vegna uppsetningar á lýsingu fyrir íþróttavöll samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst og bærust athugasemdir og liggja fyrir svör við athugasemdum. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

8. 1810093 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skíðasvæði í Bláfjöllum.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að ekki sé tilefni til athugasemda um hvort framkvæmd við uppbyggingu á skíðasvæðum í Bláfjöllum skuli háð umhverfismati en leggur áherslu á að gætt sé að hagsmunum vatnsverndar á svæðinu.

9. 1807057 - Niðurstaða dómnefndar varðandi tilboð í uppbyggingu heilsuræktaraðstöðu í Ásgarði, 05.10.18.

Lögð fram niðurstaða dómnefndar um tilboð Sporthallarinnar ehf. og Lauga ehf. Í niðurstöðu dómnefndar kemur fram að tilboð Sporthallarinnar ehf. er metið ógilt.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að leitað verði samninga við Laugar ehf. um uppbyggingu á aðstöðu fyrir heilsurækt við íþróttamiðstöðina Ásgarð.

10. 1810109 - Bréf Kvennaathvarfsins um rekstrarstyrk, dags. 02.10.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

11. 1808111 - Opnun tilboða í göngustíg og stoðvegg við Hlíðarbyggð.

Lögð eru fram eftirfarandi tilboð.

H 45 ehf.	kr. 32.141.400
Verktækni ehf.	kr. 34.352.950
Ausa ehf.	kr. 38.841.000
D.ING-verk ehf.	kr. 32.875.500

Kostnaðaráætlun kr. 23.774.500

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda H 45 ehf. með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings

Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

12. 1810161 - Bréf UMF Stjórnunnar varðandi umhverfi Stjörnutorgs, dags. 11.10.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

13. 1810162 - Bréf UMF Stjórnunnar varðandi vökvunarkerfi fyrir Stjörnuvöll, dags.11.10.18.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.

- 14. 1810163 - Bréf UMF Stjórnunnar varðandi uppsetningu á auglýsingaskiltum við Ásgarð og í Engidal, dags. 11.10.18.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra.
- 15. 1810136 - Álit Persónuverndar um vinnslu Strætó bs. á persónuupplýsingum í tengslum við ferðaþjónustu fatlaðra, dags. 05.10.18.**
Lagt fram.
- 16. 1806461 - Tillögur umhverfisnefndar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2019.**
Bæjarráð vísar tillögnum til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019.
- 17. 1810172 - Bréf Hjalla ehf. varðandi tilfærslu á starfsdögum leikskóla, ódags.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar leikskólanefndar.
- 18. 1810174 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun, dags. 12.10.18.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að koma að sjónarmiðum bæjarins um forgangs röðun verkefna til að tryggja úrbætur í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu.
- 19. 1710273 - Fjölnotasalur kynning arkitekta á húsgögnum o.fl.**
Ásdís Ágústsdóttir og Hulda Sigmarsdóttir, arkitektar hjá Yrki - arkitektum kynntu tillögur um val á húsgögnum fyrir fjölnotasal.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 16. október 2018 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigurður Guðmundsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Skipulagsnefnd Garðabæjar
12. fundur 2018

Fimmtudaginn 11. október 2018 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804130 - Hnoðraholt og Vetrarmýri, dsk br v. fjölnota íþróttahúss

Sigurður Einarsson arkitekt kynnti tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðraholt og Vetrarmýrar. Um er að ræða lítilega breytta tillögu frá þeirri tillögu sem vísað var til auglýsingar sl vor. Eftir samráðsfundi með Skipulagsstofnun var ljóst að fyrri tillaga hefði kallað á aðalskipulagsbreytingu á þessu stigi. Því er ný tillaga lögð fram sem telst í samræmi við aðalskipulag. Byggingarreitur fjölnota íþróttahúss færirst til norðurs að Hnoðraholti og auk þess er ekki gert ráð fyrir byggingarreitum fyrir aðliggjandi íþróttahúsum í framlagðri breytingartillögu en gert er ráð fyrir að þeir verði skilgreindir í þeim rammahluta aðalskipulags sem nú er unnið að.

Sigurður gerði ennfremur grein fyrir þeim hugmyndum sem unnið er að varðandi breytingum á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem verður sett fram sem rammahluti aðalskipulags og nær til Hnoðraholt, Vetrarmýrar og Vífilsstaða.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr. og 41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

2. 1709351 - Álftanes-Miðsvæði. Deiliskipulag

Þórhallur Sigðurðsson hjá AS-arkitektum kynnti tillögu að deiliskipulagi Miðsvæðis á Álftanesi. Deiliskipulagið skiptist í 5 deiliskipulagsáætlanir; Breiðamýri, Krókur, Helguvík, Kumlamýri og Skógtjörn. Fram kom að breytingar hafa verið gerðar á tillögunni í kjölfar ábendinga sem bárust frá almenningi í forkynningu.

Lilja G.Karlsdóttir samgönguverkfræðingur gerði grein fyrir greiningu tillögunnar með tilliti til umferðar-og öryggis.

Tillögunni vísað til frekari skoðunar hjá Tækni-og umhverfissviði.

3. 1705302 - Beiðni um upptöku máls - Aðkoma að Tjarnarlandi Álftanesi

Lögð fram beiðni eigenda Tjarnarlands um breytingar á aðkomu að eibýlishúsinu. Beiðninni er vísað til vinnslu við gerð deiliskipulagsins Skógtjarnar sem er hluti af heildarskipulagi Miðsvæðis á Arnarnesi.

4. 1802322 - Reiðskemma Sóta

Lögð fram tillaga að reiðskemmu Sóta að lokinni grenndarkynningu. Tvær athugasemdir hafa borist.

Tillögunni vísað til skoðunar hjá Tækni-og umhverfissviði.

5. 1804300 - Álftanes sjóvarnir

Lagðar fram tillögur Vegagerðarinnar að sjóvörnum á Álftanesi, annarsvegar á Hliðsnesi og hinsvegar hjá Akvakoti á Norðurnesi. Fjörur á Álftanesi eru á Náttúruminjaskrá. Skipulagsnefnd vísar tillögunum til umsagnar Umhverfisstofnunar.

6. 1712067 - Breiðholt Garðahverfi, fyrirspurn um dsk breytingu

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Garðahverfis þar sem gert er ráð fyrir því að heimilaðir verði breyttar gerðir þeirra íbúðarhúsa sem gert er ráð fyrir á Breiðholtstorfundi umfram núverandi hús.

Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar um tillöguna. Þar kemur m.a. fram að sérstaða Breiðholts umfram aðrar bæjartorfur í Garðahverfi er nokkur. Umsögn Minjastofnunar liggur einnig fyrir en svæðið hefur fengið viðurkenningu sem verndarsvæði í byggð.

Skipulagsnefnd telur að ákvæði deiliskipulagsins eigi að gilda jafnt fyrir allar bæjartorfur í Garðahverfi og þannig verði best tryggt að markmiðum deiliskipulags Garðahverfis verði náð. Tillögunni hafnað.

Baldur Ó.Svavarsson fulltrúi G-listans Garðabæjarlistans í skipulagsnefnd lagði fram eftirfarandi bókun vegna liða 6, 7 og 8 í fundargerð:

"Nú er það að gerast sem undirritaður óttaðist, og varaði við þegar gildandi skipulaga fyrir Garðahverfi var samþykkt að vikið yrði frá skilmálum og áherslum skipulagsins. Það hefur þegar gerst með samþykkt um stækkun kirkjugarðins að Garðavegi og nú liggja fyrir fjöldi beiðna um nýjar lóðir, nýja byggingareiti og stærri hús sbr. lið 6-Um Breiðholt, lið 7- Um Höll og lið 8 -Um Nýjabæ 2. Með sama framhaldi stendur ekki steinn yfir steini yfir þessari svokölluðu "varðveislu byggðamynsturs 20. aldar" sem ku vera markmið gildandi deiliskipulags. Nær verði því að kalla skipulagið "varðveislu skipulagsklúðurs 21. aldar", ef svo framheldur sem horfir.

Fulltrúi Garðabæjarlistans í skipulagsnefnd ítrekar því enn fyrri bókanir á umliðnum tveimur tímabilum (8 ár) dæsir og mótmælir enn þeim áherslum og vinnubrögðum sem lögð eru til grundvallar við gerð skipulags fyrir s.k. Garðahverfi á Gaðaholti.

Ekki þarf að fjölyrða um sögu og menningu á Garðaholti. Sú staðreynd er flestum kunn.

Skilt er að huga að þessari sögu, minjum og menningarverðmætum henni tengd. Það verður þó ekki gert með því að frysta tímenn á staðnum. Í bókun á fundi skipulagsnefndar árið 2013 lagði undirritaður fram bókun þar sem segir m.a.

Byggðin á svæðinu er síður en svo aðlaðandi í dag og það er ekkert í þessu skipulagi sem tryggir að svo verði ekki áfram um ókomin ár. Eftir einhver árabil munu þetta þó verða verðmættar eignir þegar búskapur leggst endanlega af á svæðinu. Þá munu kröfur um aukið byggingarmagn gerast háværari. Kröfur um stærri byggingareiti og fleiri hús.

Þegar ber á þessum kröfum sbr. athugasemd um skipulagið sem fylgir fundarboði. Ekkert í skipulaginu tryggir gæði þeirra nýbygginga. Þeir byggingaskilmálar sem fyrirleggja í skilmálum eru óraunhæfir og frekar í ætt við draumkennda sýn á svæðið sem einhverskonar íslenskt Amish-hverfi í anda Árbæjarsafns. Þó það sé vilji áhugamann um svæðið að frysta þarna tímenn og gamalt gisið byggðamynstur, þá er ekki víst að framtíðareigendur hafi áhuga á því markmiði.

Gagnrýnivert er og í raun tortryggilegt að skipulag þessa svæðis skulu hafa verið falið einkaðilum. Hvað olli því að gerð þessa skipulags er sett í hendur einkaaðila, frekar en

önnur sem fram fara á vegum bæjarins. Hvað skýrir þann gjörning og hvað liggur að baki því að vernda byggingarétt á örfáum smájörðum í miðju höfuðborgarsvæðisins. Þessar "jarðir" og byggingaréttur á þeim mun verða bitbein fasteiganslala og braskara eftir ekki svo mörg ár ásamt barátta fyrir frekari byggingarétti. Fleirri hús og stærri eftir því sem eigendum/erfingjum að hverri jörð fjölgar. Þarna mun myndast hiða nýja Arnarnes í Garðabæ ef fram fer sem horfir.

-Enn er því ítrekað og lagt til að bærinn marki sér stefnu varðandi uppbyggingu og þróun þessa bæjarhluta alls áður en hann er hlutaður niður með þessum hætti í smærri deiliskipulagsverkefni og hugað verði að afleiðingum þess byggðamynsturs sem þarna er boðið upp á.

-Enn er ítrekað og lagt til að það landrymi sem lagt er undir í þessu verkefni verði verðmetið og það mat kynnt fyrir skipulagsnefnd, þetta eru jú fjármunir bæjarbúa

-Enn er ítrekað og lagt til að beðið verði með allar breytingar á fyrirliggjandi deiliskipulagi á þessu svæði þar til að skipulag fyrir svæðið í heild liggur fyrir."

7. 1703099 - Höll á Garðaholti, breyting á dsk Garðahverfis

Lögð fram drög að tillögu á breytingu deiliskipulags Garðahverfis sem gerir ráð fyrir því að skipulagssvæðið stækki um tæpan hektara vestan Grænagarðs og þar verði gert ráð fyrir byggingarreitum í námunda við bæjarstæði fornbylisins Hallar. Um leið yrði fornbylið Höll eitt af þeim býlum sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir sem hluta af því búsetulandslagi sem markmiðið er að varðveita.

Lögð fram umsögn aðalskipulagsráðgjafa sem mælir ekki með því að svæði þessu verði ráðstafað fyrr en fyrir liggur með hvaða hætti Garðaholt verður skipulagt annað hvort í rammaskipulagi eða deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd hafnar tillögunni með vísan í framlagða umsögn.

8. 1808061 - Nýibær 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga ábúenda á Nýjabæ 2 um staðsetningu tveggja smáhýsa á túninu sunnan heimreiðar að Nýjabæ sem eru ætluð undir ferðapjónustu.

Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar þar sem fram kemur að ekki er mælt með tillögunni þar sem að deiliskipulagið gerir m.a. ekki ráð fyrir svo stórum smáhýsum auk þess sem staðsetning þeirra á túninu er ekki í samræmi við það markmið deiliskipulagsins að hnappsetja byggðina nærri upprunalegum bæjarhúsum.

Skipulagsnefnd hafnar tillögunni með vísan í framlagða umsögn.

9. 1810087 - Hvannakur 7, dsk br

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa um það hvort heimiluð verði viðbygging sunnan við íbúðarhús sem nær að hluta til út fyrir ytri byggingarreit.

Skipulagsnefnd mælir ekki með því að viðbyggingar nái út fyrir ytri byggingarreit íbúðarhúsa í Akrahverfi. Með því að heimila þessháttar breytingar geti fordæmið orðið til þess að draga úr gæðum rýmis sem er á milli húsa sem hefði neikvæð áhrif á yfirbragð hverfisins.

10. 1809246 - Skipulag - Keldugata 8-20, dsk breyting

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Keldugötu 8-20 á tveimur uppdráttum og einni ásýndarmynd. Tillagan felst m.a. í að breyta þremur lóðum í tvær, íbúðum er fjölgað úr 9 í 11 og bílastæðum fjölgar um eitt. Krafa er um aðgengi frá Keldugötu og frá Holtsvegi á lóð Keldugötu 8-12. Að öðru leiti er vísað í meðfylgjandi

upprætti.

Vísað til úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði og skipulagsstjóra falið að kynna tillöguna á fundi með íbúum og eigendum lóða við Keldugötu.

11. 1806135 - Dýjagata 15. Breytingar - deiliskipulag

Á afgreiðslufundi skipulagsstjóra þann 23. júlí 2018 var lögð fram tillaga lóðarhafa að eftirfarandi breytingum: -Breyting á inn/útskoti niðurgrafins byggingarhluta. -Breyting á byggingarreit vegna svífandi byggingarhluta. -Breyting á legu byggingarreits þannig að hann snúist lítillaga. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar um tillögurnar.

Skipulagsstjóri metur breytingar vegna svífandi byggingarhluta og legu byggingarreits sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar þeim til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum lóðanna Dýjagata 13, 16 og 18. Heimilt er að stytta tíma grenndarkynningar ef þeir sem grenndarkynning nær til árita á upprætti að þeir geri ekki athugasemd við tillöguna.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis vegna inn- og útskota niðurgrafinna rýma sé vikið frá kröfu 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga þar sem um óverulegt frávík er að ræða. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017.

Að lokinni grenndarkynningu bærust tvær athugasemdir og ein undirskrift.

Athugasemdum var vísað til skipulagsráðgjafa til umsagnar. Lögð eru fram grenndarkynningargögn, innsendar athugasemdir og umsögn skipulagsráðgjafa.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og óskar eftir að skipulagsstjóri fundi með þeim sem sendu inn athugasemdir.

12. 1810110 - Skipulag - Urriðaholtsstræti 6-12

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Urriðaholtsstræti 6-12. Tillagan felur í sér breytingu á lóðarmörkum milli lóða Urriðaholtsstrætis 6-8 og 10-12. Lóð Urriðaholtsstrætis 6-8 minnkar um 68 m² en lóð Urriðaholtsstrætis 10-12 stækkar um 68 m². Baklóð Urriðaholtsstrætis 6-8 stækkar og rampi sem áður var á lóðarmörkum með kvöð um sameiginlega aðkomu er nú eingöngu á lóð Urriðaholtsstrætis 6-8. Kvöð um sameiginlega aðkomu fellur niður. Lóð Urriðaholtsstrætis 10-12 stækkar nær Urriðaholtsstræti. Byggingarheimildir og fjöldi bílastæða á lóðum er óbreyttur eftir breytingu.

Skipulagsnefnd metur breytinguna sem óverulega í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum og leigjendum beggja lóða. Skipulagsstjóra er heimilt að stytta tíma grenndarkynningar ef aðilar sem grenndarkynning nær til hafa með undirskrift sinni lýst því yfir að þeir geri ekki athugasemd við breytinguna sbr.3.mgr.44.gr.sömu laga.

13. 1804129 - Bæjargarður, dsk br

Skipulagsnefnd vísaði á síðasta fundi nefndarinnar málinu til tækni- og umhverfissviðs til nánari úrvinnslu. Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi Bæjargarðs að lokinni auglýsingu sem fram fór 26. júlí til 6. september, ásamt skýringarupprætti, framlögðum athugasemdum og umsögn tækni- og umhverfissviðs.

Skipulagsnefnd samþykkir framlagða umsögn og samþykkir breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar erindinu til bæjarráðs og bæjarstjórnar til samþykktar.

14. 1809099 - Grenndargámar

Lagt fram minnisblað dags. 7. september 2018. Skipulagsnefnd hvetur til þess að í allri þeirri skipulagsvinnu sem framundan er að horft verði til þess að auka flokkun á sorpi, hvort sem það er í djúpgámum eða á grenndargámastöðvum.

15. 1810093 - Skíðasvæði í Bláfjöllum, Kópavogsbæ - beiðni um umsögn

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 2. október 2018 þar sem óskað er eftir að Garðabær gefi umsögn vegna uppbyggingar á skíðasvæði í Bláfjöllum, hvort að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir á meðan vatnsverndarhagsmunum sé gætt.

16. 1809281 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Lagt fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
3. fundur 2018

Miðvikudaginn 10. október 2018 kl. 17:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Edda Björg Sigurðardóttir fulltrúi skólastjóra, Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri, Katrín Friðriksdóttir forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hilmar Þór Sigurjónsson fulltrúi kennara og Íris Kristína Óttarsdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Kristín Sigurðardóttir verkefnastjóri á skóladeild.

Við upphaf fundar bar formaður upp breytingatillögu á dagskrá og óskaði eftir að bæta inn nýjum dagskrárlið við lok fundar. Sá liður varðar mál sem vísað var til umfjöllunar í skólanefnd grunnskóla á fundi bæjarráðs þann 9. október sl. Málið varðar bréf Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum. Fyrir liggja fylgigögn; umsögn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tillaga Garðabæjarlistans sem lögð var fram á ofangreindum bæjarráðsfundi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1809192 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 2. Grundir

Lögð fram ósk frá skipulagsnefnd Garðabæjar um umsögn skólanefndar um málið. Skólanefnd gerir ekki athugasemd við fyrirleggjandi gögn.

2. 1809281 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

3. 1805397 - Forvarnarvika í Garðabæ 2018

Dagskrá forvarnarviku, sem lauk í dag, var fjölbreytt og stóð fjölskyldum í Garðabæ margt áhugavert til boða. Skólanefnd óskar eftir því við skóladeild að taka saman minnisblað um hvernig hefur til tekist, um hvaða kostnað er að ræða og fleiri upplýsingar sem geta nýst við skipulag og markmiðasetningu næstu forvarnarviku.

4. 1810106 - Þróunarsjóður grunnskóla - yfirlit

Lagt fram til kynningar yfirlit yfir styrki úr þróunarsjóði grunnskóla sl. 4 ár. Í heild hefur verið úthlutað 100 milljónum króna til 106 verkefna. Verkefnin eru ólík en bera metnaðarfullu skólastarfi í Garðabæ vitni.

5. 1808346 - Menntadagur 26. október 2018

Undirbúningur stendur nú sem hæst vegna Menntadags leik- og grunnskóla þann 26. október nk. Reiknað er með um 400 starfsmönnum á kynningar á um 40 þróunarverkefnum skólanna sem hlutu styrki á sl. skólaári.

6. 1810102 - Nýir starfsmenn skóladeildar

Þrír nýir starfsmenn hófu störf á skóladeild í haust í stað þeirra sem látið hafa af störfum á árinu, 2 sálfræðingar og 1 talmeinafræðingur.

7. 1810017 - Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjárforeldrum, 25. mál.

Lagt fram til umfjöllunar. Málið rætt og ýmis sjónarmið komu fram. Ljóst er að tvöfalt lögheimili barna er ekki í samræmi við núgildandi lög sveitarfélaga. Vinna þarf að því að finna leiðir í reiknireglum sveitarfélaga til að koma á mótis við þetta málefni, þó sé alltaf haft að leiðarljósi að tryggja hagsmuni barnsins sem best. Fram kom að málið hefur nýverið verið rætt í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem m.a. var ákveðið að taka málið upp við dómsmálaráðherra og óska eftir álitni nýs umboðsmanns barna vegna málsins. Skólanefnd óskar eftir því við skóladeild að athuga hvort hægt sé að fá fagaðila til fundar til frekari umfjöllunar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
5. fundur 2018

Föstudaginn 5. október 2018 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Guðjón Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1809192 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 2. Grundir**
Skipulagsstóri kynnir breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar og deiliskipulagi Ása-Grunda
- 2. 1710083 - Lyngássvæði, deiliskipulag L1 og L2**
Skipulagsstóri kynnir breytingu á deiliskipulagi við Lyngás
- 3. 1804300 - Álftanes sjóvarnir**
Fyrirhugaðar framkvæmdir við sjóvarnagarða á Álftanesi kynntar
- 4. 1809325 - veiðikort 2019**
Umhverfisnefnd samþykkir áframhaldandi samstarf við Veiðikortið fyrir árið 2019.
- 5. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 (2019-2022)**
Umhverfisnefnd samþykkir tillögur í fjárhagsáætlun.
- 6. 1810092 - Fyrirspurn frá Sveinbjörgu Vilhjálmsdóttur**
 1. Eru einhver áform um endurbætur á fráveitu eða síun skólps á Álftanesi á næstunni? Töluverð saurgerlamengun við Skógtjörn / Miðskóga, Skógtjörn / Lambhaga, Gesthúsavör og Hrakhólma hefur komið frá við mælingar sl. 2 ár.
Hefur verið bætt úr frárennismálum við Lambhaga 17?
 2. Á síðasta kjörtímabili var sótt um fjárveitingu eða styrk til að hækka upp suðurstrandarveg við Hrakhólma. Hvernig standa málin í dag?

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Ungmennaráð Garðabæjar
31. fundur 2018

Þriðjudaginn 25. september 2018 kl. 17:30 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Ágúst Ingi Bragason aðalmaður, Máni Magnússon aðalmaður og Helga Vala Gunnarsdóttir forstöðumaður Klakans.

Fundargerð ritaði: Helga Vala Gunnarsdóttir forstöðumaður Klakans.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810195 - Fyrsti fundur ungmennaráðs 2018-2019, með bæjarstjóra

1. Kynningar

Kynning fór fram á bæði eldri og nýjum meðlinum ráðsins.

2. Gunnar Einarsson, kynning og umræður

Bæjarstjóri kynnti sig og verkefnin framundan hjá Garðabæ. Ákveðið var að ungmennaráð fengi kynningu á fjárhagsáætlun Garðabæjar í október.

3. Helga Vala fer yfir ýmis mál sem viðkoma ungmennaráði

Farið var yfir það hvað það þýðir að vera í ungmennaráði og mikilvægi þess að ungmennaráð starfi í Garðabæ sem og verkefni vetrarins.

4. Erindisbréf ungmennaráðs Garðabæjar

Áframhaldandi vinna mun fara af stað í ungmennaráði hvað varðar erindisbréfið og tillögur sendar frá ráðinu í október.

5. Önnur mál

Gestir

Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir, Valgerður Eyja Eyjólfsdóttir aðalmenn og Birta Lind Ragnarsdóttir og Hrannar Máni Ólason varamenn mættu á fundinn - 00:00

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

396. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 3.10.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Endurskoðunarnefnd stjórnar SORPU bs.

Lagt fram samkomulag stjórnar SORPU bs. við endurskoðunarnefnd Reykjavíkur um hlutverk nefndarinnar gagnvart stjórn SORPU bs. Málið rætt. Stjórn felur formanni og varaformanni að óska eftir fundi með nefndinni og ræða fyrirkomulag.

2. Samningur við SOS um móttöku úrgangs af Suðurlandi.

Fyrir liggur erindi stjórnar SOS um framlengingu á samningi um móttöku úrgangs af Suðurlandi til urðunar en málið var tekið fyrir á fundi eigenda þann 1. október 2018. Málið rætt. Stjórn bókar eftirfarandi:

„Stjórn lýsir verulegum vonbrigðum með að stjórn SOS hefur ekki náð fram ásættanlegri niðurstöðu um urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Suðurlandi sem þjónað getur hagsmunum bæði SOS og SORPU. Samningur SOS og SORPU hefur nú verið framlengdur 18 sinnum frá því samningur var fyrst undirritaður árið 2009 og átti í upphafi að gilda til ársins 2012 meðan SOS gæfist ráðrúm til að vinna úr málum urðunarstaðar. SORPA bs. hefur það hlutverk að annast lögbundnar skyldur aðildarsveitarfélaganna sem settar eru í lögum 55/2003 um móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs innan þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlaginu. Sú skylda nær ekki til meðhöndlunar eða förgunar úrgangs úr sveitarfélögum utan starfssvæðis SORPU bs.

Þjónusta SORPU bs. við SOS frá árinu 2009 hefur því byggst á viðskiptalegum forsendum og í trausti þess að unnið væri að lausn á sameiginlegum hagsmunum beggja samlaganna.

Með vísan til bókar á eigendafundi SORPU þann 1. október sl., þá felur stjórn framkvæmdastjóra að gera nýjan þjónustusamning við SOS til 2 mánaða, og jafnframt

Belti J. Jónsson *J. Jónsson* *Ágúst Bjarni Garðarsson* *Tilvísun* *ABC* *16/1*

verði gjaldskrá vegna þjónustu við SOS endurskoðuð, sem og önnur ákvæði um og skilgreiningar á þjónustunni.“

3. Rekstraráætlun 2019 – 2023.

Drög að rekstraráætlun var kynnt á eigendafundi þann 1. okt. sl. Á eigendafundi komu fram ýmsar hugmyndir um rekstur endurvinnslustöðvanna. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að útfæra hugmyndir um breytingar í innheimtu gjalda og fyrirkomulagi á endurvinnslustöðvunum og undirbúa nýja rekstraráætlun þar sem tekið er tillit til hugmynda að breytingum. Ný áætlun verði lögð fyrir næsta eigendafund.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 17. október kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 09:15

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

T. Björns Jón Jónsson

Þórunn Gunnarsdóttir *Ólafur Ólafsson*
Jóna Þorvaldsdóttir
Kelbun G. Þorsteinsdóttir
Björn Jónsson
Augm. Tr. Ólafsson
Ólafur Ólafsson

Fundargerð
14. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 1. október 2018, kl. 09:30

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi

frá stjórn SORPU bs.:

Líf Magneudóttir, Reykjavíkurborg
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ
Ásgeir Bjarni Garðarsson, Hafnarfjarðarbæ
Bjarni Torfi Álfþórsson, Seltjarnarnesi

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri SORPU bs., Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins 2019

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- a) Rekstraráætlun SORPU bs. 2019-2023, drög frá fundi stjórnar byggðasamlagsins 21. september 2018.
- b) Samantektir vegna verkefna tengdum hagræðingaraðgerðum í rekstri byggðasamlagsins.

Framkvæmdastjóri SORPU bs. fór yfir meginþætti í rekstraráætlun byggðasamlagsins, ásamt því að fara yfir fyrirbyggjandi fjárfestingarverkefni næstu ára, áætlun um rekstur og afkomu endurvinnslustöðva og byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi sem komin er á framkvæmdastig.

Umræður

Niðurstaða:

Í ljósi umræðna á fundinum, m.a. vegna reksturs endurvinnslustöðva og þörf á markvissari framsetningu áætlunar um væntanlegar greiðslur aðildarsveitarfélaga á næsta ári var samþykkt að stjórn og framkvæmdastjóri móti betur tillögu að rekstrar- og framkvæmdaáætlun byggðasamlagsins og boðað verði til nýs eigendafundar þegar sú vinna liggur fyrir.

2. mál: Urðunarstaður í Álfsnesi – staða vegna starfsleyfis og tímasetningar í eigendasamkomulagi frá október 2013

Farið var yfir stöðu máls og gengið frá yfirlýsingu vegna samkomulags eigenda SORPU bs. frá 13. október 2013 um nánari túlkun á ákvæði í því samkomulagi um lokadagsetningu urðunar í Álfsnesi.

Niðurstaða:

Stjórn og framkvæmdastjóri byggðasamlagsins falið að vinna áfram að lausn málsins.

3. mál: Samstarf sorpsamlaga á suðvesturhorni – viljayfirlýsing og staða viðræðna um mögulegan framtíðarurðunarstað á suðurlandi

Fyrir fundinum lá minnisblað framkvæmdastjóra SSH vegna sameiginlegs fundar stjórna og framkvæmdastjóra aðildarsveitarfélaga SORPU bs. og SOS bs. sem haldinn var 11. september 2018, sbr. samþykkt þar um á eigendafundi 3. september 2018.

Ennfremur var kynnt samþykkt bæjarstjórnar Ölfuss frá 25. september 2018, þar sem lagst er alfarið gegn opnun urðunarstaðar fyrir óvirkan úrgang í sveitarfélaginu.

Umræður

Niðurstaða:

“Eigendafundur SORPU bs. lýsir verulegum vonbrigðum með þessa niðurstöðu og telur að með henni liggji fyrir aukin óvissa um hvort SOS bs. geti fundið lausn á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang innan sinna vébanda innan þeirra þröngu tímamarka sem eru á máli.

Eigendavettvangur SORPU bs. sér því ekki forsendur fyrir því að samingur SORPU bs. og SOS bs. verði framlengdur óbreyttur eina ferðina enn meðan ekki liggur fyrir hvort eða hvernig SOS bs. getur leyst úr núverandi stöðu.

Eigendafundurinn áréttar, að SORPA bs. hefur það hlutverk að annast lögbundnar skyldur aðildarsveitarfélaganna sem settar eru í lögum 55/2003 um móttöku, meðhöndlun og förgun

úrgangs innan þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlaginu. Sú skylda nær ekki til meðhöndlunar eða förgunar úrgangs úr sveitarfélögum utan starfssvæðis SORPU bs.

Þjónusta SORPU bs. við SOS bs. frá árinu 2009 hefur því byggst á viðskiptalegum forsendum og í trausti þess að unnið væri að lausn á sameiginlegum hagsmunum beggja samlaganna.

Í ljósi núverandi stöðu máls, þá samþykkir eigendafundurinn að gerður verði nýr þjónustusamningur við SOS bs. til 2 mánaða, og jafnframt verði gjaldskrá vegna þjónustu við SOS bs. endurskoðuð, sem og önnur ákvæði um og skilgreiningar á þjónustunni.

Ef ekki liggja fyrir innan tveggja mánaða skýrar og ásættanlegar niðurstöður um hvort og með hvaða hætti SOS bs. getur leyst úr því máli sem hefur verið forsenda þess samnings sem var gerður 2009 til 3ja ára, og hefur síðan verið framlengdur 18 sinnum, þá verður þjónusta SORPU bs. við SOS bs. sjálfkrafa hætt.”

4. mál: Endurvinnslustöðvar – skoðun á mögulegri staðsetningu til framtíðar

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, kynnir yfirstandandi vinnu við greiningu á mögulegum staðsetningarkostum endurvinnslustöðva, sbr. samþykkt frá eigendafundi 3. september sl.

Umræður

Niðurstaða:

Málið er ennþá í vinnslu og verður tekið til frekari umræðu á eigendavettvangi þegar mótaðar hugmyndir liggja fyrir.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:15

Páll Guðjónsson, fundarritari.

Fundargerð
17. eigendafundar Strætó bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 1. október 2018, kl. 08:00

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs., Garðabæ
Hjálmar Sveinsson, Reykjavíkurborg
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri Strætó bs. og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Ármann Kr. Ólafsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2019

Áframhaldandi yfirferð og afgreiðsla vegna fjárhagsáætlunar Strætó bs. fyrir árið 2019, sbr. samþykkt eigendafundar 3. september 2018.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundi:

Almennar forsendur fjárhags- og starfsáætlunar Strætó bs. fyrir árið 2019 .
Drög stjórnar Strætó bs. vegna fjárhagsáætlunar 2019.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri byggðasamlagsins fóru yfir fyrirbyggjandi tillögu stjórnar sem mótuð var í framhaldi af yfirferð og umræðum á eigendafundi 3. september 2018. Meginviðfangsefni stjórnar var að móta tillögu að fjárhagsáætlun 2019 sem ekki kallaði á aukin framlög eigenda.

Fyrirbyggjandi tillaga stjórnar gerir hins vegar ráð fyrir útgjaldaaukningu á milli ára, sem m.a. kallar á 107 m.króna aukningu á framlagi eigenda

Umræður

Niðurstaða:

Eigendafundur samþykkti fyrirbyggjandi tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun ársins 2019 með þeirri aukningu á framlagi eigenda sem þar er gert ráð fyrir.

2. mál: Samningur SSH og Vegagerðarinnar um 10 ára tilraunaverkefni til eflingar almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fyrir fundinum lá fullunnið framvindu- og árangursmat Mannvits vegna verkefnisins, sbr. umfjöllun og bókun á eigendafundi 3. september sl.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Strætó bs. gerðu grein fyrir meginþáttum matsins, en þar eru m.a. settar tillögur um aðgerðir til lengri og skemmri tíma til að bæta árangur í verkefninu.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að vísa framvindumatinu til stýrihóps verkefnisins og til skoðunar í þeirri vinnu sem nú stendur yfir vegna mögulegra úrbóta í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 09:15

Páll Guðjónsson, fundarritari.

UPPBYGGING HEILSURÆKTARAÐSTÖÐU VIÐ ÁSGARÐ

NIÐURSTÖÐUR DÓMNEFNDAR

Þann 21. ágúst 2018 skiluðu valdir bjóðendur tilboðum í uppbyggingu heilsuræktaraðstöðu við Ásgarð í Garðabæ. Tveimur aðilum var gefinn kostur á að skila inn tilboðum og voru þeir valdir á grundvelli hugmynda sem þeir settu fram á fyrri skeiði útboðsferilsins, hugmyndastigi. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir tilboðin. Upphæðir eru árlegar greiðslur:

Tilboðsgjafi	Tilboðsupphæð [kr/ári]
Sporthöllin ehf	39.713.664,-
Laugar ehf	35.400.000,-

Í tilboði Sporthallarinnar er sérstakur liður vegna sjúkraþjálfunar og kírópraktors sem nemur 1.200.000 kr.

Við yfirferð á tilboðum kom eftirfarandi fram:

- Samkvæmt tilboði Sporthallarinnar nema heildargreiðslur til Garðabæjar 39,7 Mkr. á ári. Í rekstrarforsendum Sporthallarinnar á hugmyndastigi verkefnisins var gert ráð fyrir að þessar greiðslur nemi 26,4 Mkr/ári og því gerir tilboðið ráð fyrir 13,3 Mkr/ári hærri gjöldum en rekstrarforsendur á hugmyndastiginu. Allur kostnaðaraukinn er vegna reksturs heilsuræktarinnar. Á hugmyndaskeiðinu var hagnaður af rekstri heilsuræktarinnar áætlaður 4,5 Mkr. á ári, sbr. greinargerð Sporthallarinnar. Kostnaðarauki vegna tilboðsins leiðir því til þess að tap verður á rekstri heilsuræktarinnar sem nemur 8.8 Mkr. á ári. Er umrædd breyting veruleg frá fyrra stigi (hugmyndastigi), að því er varðar rekstrarskilyrði og forsendur.
- Tilboð Lauga ehf var byggt á sömu forsendum og komu fram á hugmyndastigi.

Formaður dómnefndar ákvað að boða til skýringafunda með hvorum bjóðanda um sig til að fara yfir nokkur atriði í tilboðunum til að tryggja að skilningur aðila væri sameiginlegur á þeim atriðum. Einnig var leitað álitis lögfræðinga á álitamálum sem upp komu við yfirferð tilboðanna.

Fundargerðir af skýringafundunum eru meðfylgjandi. Leitað var eftir því hvort bjóðendur hefðu athugasemdir við fundargerðirnar. Athugasemdir þeirra er að finna í meðfylgjandi afritum af tölvupóstum.

Athugasemd Lauga snýr að samstarfi við Garðabæ um útfærslu á kótasetningum í hugmyndar þeirra.

Í athugasemd Sporthallarinnar kemur fram að bjóðandi hafi endurskoðað bæði áætlanir um framkvæmdakostnað og rekstur aðstöðu sinnar og sér nú tækifæri á því að „rekstur standi undir sér“. Um þetta var ekki rætt á skýringafundi með Sporthöllinni eins og lesa má úr athugasemd bjóðanda við fundargerð.

Einn af matsþáttum á hugmyndastiginu var „Raunhæfni reksturs til að standa undir fjárfestingu“. Með tilboði sínu breytir Sporthöllin forsendum sem lágu til grundvallar fyrir mati dómnefndar á hugmyndum bjóðenda eins og rakið er hér að ofan. Verður ekki annað séð en að grunnregla útboðsréttar um jafnræði meðal bjóðenda kunni að verða brotin ef þessar breyttu forsendur verði samþykktar með töku

tilboðs Sporthallarinnar. Með slíkri afgreiðslu gæti Garðabær brotið gagnvart öðrum bjóðendum og/eða útboðsferlið talið ólöglegt. Því er lagt til að tilboð Sporthallarinnar verði metið ógilt.

Það er tillaga dómnefndar, með vísan til framkomins tilboðs Lauga, að leitað verði samninga við Laugar um uppbyggingu aðstöðu fyrir heilsurækt við Íþróttamiðstöðina við Ásgarð.

Tillaga um eflingu Garðatorgs og vaxtamöguleika fyrir Hönnunarsafn Íslands Flutningsmaður Sara Dögg Svanhildardóttir

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu til eflingar Hönnunarsafns Íslands og styrkingu þjónustu og menningar á Garðatorgi.

Garðabæjarlistinn leggur til að Garðabær hefji viðræður við eigendur fasteignar að Garðatorgi 1, sem hýsir Hönnunarsafn Íslands og áður matvöruverslunina Víði, með það að leiðarljósi að að aukið rými skapist fyrir Hönnunarsafn Ísland og um leið atvinnutækifæri skapist fyrir kaffihús á Garðatorgi.

Greinargerð

Með því að nýta jarðhæð á fasteigninni sem snýr út að bílastæðum betur, mætti breyta húsnæðinu og skapa tækifæri fyrir kaffihús með mögulegu samstarfi eða tengingu við Hönnunarsafninu. Með nágrenni við hvort annað gætu skapast möguleikar í samstarfi og samlegð sem báðum aðilum væri verðmætt.

Á Garðatorgi er nú þegar fjölbreytt þjónusta og núverandi þjónustuaðilar myndu hagnast af því að þar myndi kaffihús ná að festa rætur. Við sjáum fyrir okkur að með samstarfi við húseigendur að Garðatorgi 1 og í góðu samstarfi við Hönnunarsafn Íslands gæti Garðatorg eflst enn frekar sem þjónustu- og menningarkjarni.

Garðabæjarlistinn telur að Hönnunarsafn Íslands geti leikið lykilhlutverk ásamt kaffihúsi í að efla núverandi verslun og þjónustu á Garðatorgi.

Tillaga um bætt umferðaröryggi við Flataskóla Flutningsmaður - Sara Dögg Svanhildardóttir

Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn feli Tækni- og umhverfissviði að bæta umferðaröryggi við Flataskóla með skýrari merkingum og skiltum þar sem við á. Samhliða þessum úrbótum leggur Garðabæjarlistinn til að farið verði í markvissar aðgerðir til að ýta undir gangandi umferð til og frá skóla með t.d. að tryggja öryggi barna og ungmenna þegar farið er yfir þungar umferðagötur með til dæmis gangbrautarvörslu og styðja þannig um leið við samning um heilsueflandi samfélag í sínum víðasta skilningi.

Greinargerð

Umferðaröngþveiti við Flataskóla hefur verið umkvörtunarefni foreldra sem og starfsfólks skólans að undanförmu. Vandinn lýsir sér í því að fólk virðir ekki umferðarreglur inni á bílplaninu né við umferðarljósin.

Bílum er ítrekað lagt við hringtorgið sem og á við og dreif á bílplani við skólann til þess að koma börnum í skólann. Mikil hætta skapast vegna þessa á hverjum morgni þar sem umferðaröryggi er ekki tryggt eins og kostur er.

Samhliða þessum mætti fylgja fordæmi Álftaness og vera með gangbrautarstarfsfólk sem aðstoðar börn sem koma gangandi eða hjólandi til skóla og eykur töluvert öryggi um leið. Eins má benda á að sumir skólar hafa tekið upp á því að vera með starfsmenn á morgnana við skólann til að auka öryggi barna á leið í skólann.

Tillaga um skýra verkferla varðandi styrkveitingar

Flutningsmaður Ingvar Arnarson

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að Garðabær setji fram skýra verkferla varðandi styrkveitingar úr bæjarsjóði, verkferla sem nefndir á vegum Garðabæjar geta fylgt þegar kemur að styrkveitingum sem ekki teljast til lögbundinna hlutverka sveitarfélaga. Einnig er lagt til að allar styrkveitingar séu aðgengilegir í opnu bókhaldi bæjarins.

Greinagerð

Með því að setja skýra verkferla á styrkveitingum og að útbúa gagnagrunn til að halda utan um allar styrkveitingar sem bæjarfélagið veitir verður auðveldara fyrir bæjarfulltrúa og nefndarmenn að fylgjast með og sjá hvað Garðabær er að styrkja. Einnig er mikilvægt að íbúar Garðabæjar hafi aðgang að þessum upplýsingum. Með aukni gagnsæi kemur einnig aukið aðhald.